Kvennaráðstefnan:

# „ÓGLEYMANLEGT AUGNABLIK"

## — segir Sigríður A. Snævarr um móttökurnar í Nairóbí

„Annan eins ræðuflutning hef ég aldrei upplifað. Ræðan var stórkostlega flutt," sagði Sigríður A. Snævarr, formaður íslensku sendinefndarinnar á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Nairóbí. Sigríður er hér að vitna til ræðu Maureen Reagan, formanns bandarísku sendinefndarinnar, sem hún flutti fyrsta dag ráðstefnunnar.

„Bandaríska sendinefndin var miklu sáttfúsari en fólk hafði búist við. Formaðurinn sagði m.a.




**Bæklingurinn um jafnrétti á Íslandi sem íslenska sendinefndin hafði meðferðis á kvennaráðstefnuna í Nairóbí. Listaverk eftir Ásgerði Búadóttur skreytir forsíðuna.**

eitthvað á þessa leið — við erum lýðræðissinnar, komnar hingað til að miðla og hlusta." Sigríður Snævarr sagði að innihald ræðunnar hefði verið gott og þar hefði tónninn verið gefinn á ráðstefnunni. Fulltrúar frá Íran gengu út á meðan formaður bandarísku sendinefndarinnar flutti ræðuna. „Fólk er sammála um að hér hafi allt gengið mjög vel, mun betur en til dæmis á ráðstefnunni í Kaupmannahöfn fyrir fimm árum," sagði Sigríður.

Það voru fleiri ræður sem vöktu athygli. Að sögn annarra íslenskra fulltrúa vakti ræða Sigríðar einnig mikla athygli og hefur verið birt í blöðum í Nairóbí. Sigríður kom fram í sjónvarpsfréttum í fyrri viku og var sá fréttaþáttur endurtekinn í fyrradag. Á fyrsta degi ráðstefnunnar flutti Sigríður kveðju frá forseta Íslands, frú Vigdísi Finnbogadóttur, fyrstu konunni sem kosin er í forsetaembætti í lýðfrjálsri kosningu.

„Það var ógleymanlegt augnablik," sagði Sigríður, aðspurð um þær móttökur sem kveðjan fékk.

Íslenska sendinefndin hefur meðferðis bækling á ensku um jafnrétti á Íslandi.

Mikil eftirspurn er á meðal ráðstefnugesta eftir bæklingi þessum, sem var sérstaklega útbúinn af sendinefndinni fyrir kvennaráðstefnuna. Þátttakendur á ráðstefnunni eru um fimm þúsund.

-ÞG

Trjáplönturnar í skottinu:

# „Tölum við þær og vökvum á nóttunni"

## — segir forsetabílstjórinn

Þegar Snorri Jóhannsson forsetabílstjóri ók forsetabílnum í hlað á Bessastöðum var hann búinn að aka rúma 3000 kílómetra í tengslum við opinbera heimsókn forseta Íslands til Austfjarða. Hlutverk bílstjórans er að aka forsetanum í opinberum erindagjörðum. Einnig þjónar hann öðru hlutverki sem færri vita um; aftur í skotti eru geymdar hríslur þær sem forsetinn gróðursetur á viðkomustöðum sínum. Hríslurnar eru frá Reykjavík og er búið vel um þær aftur í skotti forsetabílsins. Snorri bílstjóri hefur þann starfa að gæta þeirra. Lögregluþjónar í fylgdarliðinu hafa einnig hjálpað honum.

„Þær eru teknar úr bílnum á nóttunni. Þá vökvum við þær og tölum við þær svo þær dafni vel," segir Snorri.

Hann byrjaði sem forsetabílstjóri í tíð Kristjáns Eldjárns og þá í afleysingum 1972. Síðan gerðist hann fastur bílstjóri með aðsetur á Bessastöðum 1976. Hann hefur ekið forsetanum í flestum heimsóknum hans innanlands að undanskilinni heimsókn í Árnes- og Rangárvallasýslu.

Forsetabíllinn er glæsivagn. Hann heitir Buick Elektra Park Avenue árgerð 1980. Hann var pantaður frá Bandaríkjunum sem forsetabíll. Hitakerfið er tölvustýrt þannig að jafn hiti helst í bílnum.

„Bíllinn þolir alveg íslenska vegi," segir Snorri. Reyndar var pannan undir vélinni sérhönnuð hér á landi fyrir íslenskar aðstæður. Í ferðinni um Austfirði stóð bíllinn sig vel. Aðeins einu sinni lak út af dempara.

Í lok ferðarinnar var bílstjórinn orðinn nokkuð svefnlítill að eigin sögn. „Þetta getur verið strembið og oft langir dagar," sagði Snorri.

-APH



**Snorri forsetabílstjóri sýnir DV trjáplönturnar sem geymdar eru í skotti forsetabílsins meðan á heimsókn stendur.** **DV-mynd PK.**

# DV UMBOÐSMENN

## AÐALAFGREIÐSLA ÞVERHOLTI 11, SÍMI 27022.

**AKRANES**
Guðbjörg Þórólfsdóttir
Háholti 31 sími 93-1875

**AKUREYRI**
Jón Steindórsson
Skipagötu 13
sími 96-25013
heimasími 96-25197

**ÁLFTANES**
Ásta Jónsdóttir
Miðvangi 106
sími 51031

**BAKKAFJÖRÐUR**
Freydís Magnúsdóttir
Hraunstíg 1
sími 97-3372

**BÍLDUDALUR**
Sonja Jónsdóttir
Tjarnarbraut 9
sími 94-2150

**BLÖNDUÓS**
Snorri Bjarnason
Urðarbraut 20
sími 95-4581

**BOLUNGARVÍK**
Helga Sigurðardóttir
Hjallastræti 25
sími 94-7257

**BORGARNES**
Bergsveinn Símonarson
Skallagrímsgötu 3
sími 93-7645

**BORGARFJÖRÐUR EYSTRI**
Hallgrímur Vigfússon
Vinamynni, sími 97-2936

**BREIÐDALSVÍK**
Vífill Harðarson
Sólbakka 2
sími 97-5662

**BÚÐARDALUR**
Sólveig Ingvadóttir
Gunnarsbraut 7
sími 93-4142

**DALVÍK**
Hrönn Kristjánsdóttir
Hafnarbraut 10
sími 96-61171

**DJÚPIVOGUR**
Ásgeir Ívarsson
Steinholti
sími 97-8856

**DRANGSNES**
Tryggvi Ólafsson
Holtagötu 7
sími 93-3231

**EGILSSTAÐIR**
Sigurlaug Björnsdóttir
Árskógum 13
sími 97-1350

**ESKIFJÖRÐUR**
Hrafnkell Jónsson
Fögruhlíð 9
sími 97-6160

**EYRARBAKKI**
Margrét Kristjánsdóttir
Háeyrarvöllum 4
sími 99-3350

**FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR**
Ármann Rögnvaldsson
Hlíðargötu 22
sími 97-5122

**FLATEYRI**
Sigríður Sigursteinsdóttir
Drafnargötu 17
sími 94-7643

**GERÐAR GARÐI**
Katrín Eiríksdóttir
Heiðarbraut 11
sími 92-7116

**GRENIVÍK**
Regína S. Ómarsdóttir
Ægissíðu 15
sími 96-33279

**GRINDAVÍK**
Aðalheiður Guðmundsdóttir
Austurvegi 18
sími 92-8257

**GRUNDARFJÖRÐUR**
Sigríður Sigursteinsdóttir
Grundargötu 28
sími 93-8757

**GRÍMSEY**
Kristjana Bjarnadóttir
sími 96-73111

**HAFNARFJÖRÐUR**
Ásta Jónsdóttir
Miðvangi 106
sími 51031,
Guðrún Ásgeirsdóttir
Garðavegi 9
sími 50641

**HELLA**
Garðar Sigurðsson
Dynskálum 5
sími 99-5035

**HELLISSANDUR**
Kristín Gísladóttir
Munaðarhóli 24
sími 93-6615

**HOFSÓS**
Guðný Jóhannsdóttir
Suðurbraut 2
sími 95-6328

**HÓLMAVÍK**
Jytta Pétursson
Borgarbraut, sími 95-3165

**HRÍSEY**
Sigurbjörg Guðlaugsdóttir
Sólvallagötu 7
sími 96-61708

**HÚSAVÍK**
Ævar Ákason
Garðarsbraut 43
sími 96-41853

**HVAMMSTANGI**
Þóra Sverrisdóttir
Hlíðarvegi 12
sími 95-1474

**HVERAGERÐI**
Lilja Haraldsdóttir
Heiðarbrún 51
sími 99-4389

**HVOLSVÖLLUR**
Arngrímur Svavarsson
Litlagerði 3
sími 99-8249

**HÖFN Í HORNAFIRÐI**
Svandís Valdimarsdóttir
Vogabraut 5
sími 97-8591

**HÖFN, HORNAFIRÐI**
v/Nesjahrepps
Unnur Guðmundsdóttir
Hæðargarði 9
sími 97-8467

**ÍSAFJÖRÐUR**
Hafsteinn Eiríksson
Pólgötu 5
sími 94-3653

**KEFLAVÍK**
Margrét Sigurðardóttir
Smáratúni 14
sími 92-3053
Ágústa Randrup
Hringbraut 71
sími 92-3466

**KÓPASKER**
Auðun Benediktsson
Akurgerði 11
sími 96-52157

**MOSFELLSSVEIT**
Rúna Jónína Ármannsdóttir
Arnartanga 57
sími 666481

**NESKAUPSTAÐUR**
Hlíf Kjartansdóttir
Miðstræti 23
sími 97-7229

**YTRI-INNRI NJARÐVÍK**
Fanney Bjarnadóttir
Lágmóum 5
sími 92-3366

**ÓLAFSFJÖRÐUR**
Margrét Hjaltadóttir
Ægisgötu 22, sími 96-62251

**ÓLAFSVÍK**
Svava Alfonsdóttir
Olafsbraut 56, sími 93-6243

**PATREKSFJÖRÐUR**
Laufey Jónsdóttir
Bjarkargötu 8
sími 94-1191

**RAUFARHÖFN**
Signý Einarsdóttir
Nónási 5
sími 96-51227

**REYÐARFJÖRÐUR**
Þórdís Reynisdóttir
Sunnuhvoli
sími 97-4239

**REYKJAHLÍÐ V/MÝVATN**
Þuríður Snæbjörnsdóttir
Skútuhrauni 13
sími 96-44173

**RIF SNÆFELLSNESI**
Ester Friðþjófsdóttir
Háarifi 49
sími 93-6629

**SANDGERÐI**
Þóra Kjartansdóttir
Suðurgötu 29
sími 92-7684

**SAUÐÁRKRÓKUR**
Kristín Jónsdóttir
Freyjugötu 13
sími 95-5806

**SELFOSS**
Bárður Guðmundsson
Sigtúni 7
sími 99-1377

**SEYÐISFJÖRÐUR**
Ingibjörg Sigurgeirsdóttir
Miðtúni 1
sími 97-2419

**SIGLUFJÖRÐUR**
Friðfinna Símonardóttir
Aðalgötu 21
sími 96-71208

**SKAGASTRÖND**
Ólafur Bernódusson
Borgarbraut 27
sími 95-4772

**STOKKSEYRI**
Garðar Örn Hinriksson
Eyrarbraut 22
sími 99-3246

**STYKKISHÓLMUR**
Erla Lárusdóttir
Silfurgötu 25
sími 93-8410

**STÖÐVARFJÖRÐUR**
Valborg Jónsdóttir
Einholti sími 97-5864

**SÚÐAVÍK**
Frosti Gunnarsson
Túngötu 3 sími 94-4928

**SUÐUREYRI**
Ólöf Aðalbjörnsdóttir
Sætúni 1
sími 94-6202

**SVALBARÐSEYRI**
Berglind Tulinius
Laugartúni 10
sími 96-25800

**TÁLKNAFJÖRÐUR**
Margrét Guðlaugsdóttir
Túngötu 25
sími 94-2563

**VESTMANNAEYJAR**
Auróra Friðriksdóttir
Kirkjubæjarbraut 4
sími 98-1404

**VÍK Í MÝRDAL**
Sæmundur Björnsson
Ránarbraut 9
sími 99-7122

**VOGAR VATNSLEYSUSTRÖND**
Leifur Georgsson
Leirdal 4
sími 92-6523

**VOPNAFJÖRÐUR**
Laufey Leifsdóttir
Sigtúnum
sími 97-3195

**ÞINGEYRI**
Karitas Jónsdóttir
Brekkugötu 54
sími 94-8131

**ÞORLÁKSHÖFN**
Franklín Benediktsson
Knarrarbergi 2
sími 99-3624 og 3636

**ÞÓRSHÖFN**
Kolbrún Jörgensen
Vesturbergi 12
sími 96-81238